

Nd.

14. Frumvarp til laga

[14. mál]

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Magnús H. Magnússon, Árni Gunnarsson, Karvel Pálmason.

1. gr.

Eftir 7. tl. 66. gr. laganna komi nýr tl., merktur 8, sem hljóðar svo:
Ef maður hefur haft veruleg útgjöld vegna tannviðgerða og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 66. gr. skattalaga eru ýmis ákvæði er heimila skattstjórum að lækka tekjuskattstofn ef skattaðilar verða fyrir þungum búsigjum og gjaldþol þeirra skerðist verulega af þeim sökum.

Til þess að skattalög teljist sanngjörn og réttlát er eðlilegt að þau búi yfir sveigjanleika til að mæta óvæntum atvikum og áföllum sem skerða gjaldþol skattaðila.

Þau ákvæði skattalaganna, sem nú heimila skattstjóra að lækka tekjuskattstofn ef gjaldþol skattaðila skerðist verulega, eru eftirfarandi:

- 1) Ef ellihörleiki, veikindi, slys eða mannlát hafa skert gjaldþol manns verulega.
- 2) Ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómum eða er fatlað eða vangefið og veldur framfæranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslu-
kostnað og mótteknar bætur.
- 3) Ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.
- 4) Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri.
- 5) Ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignatjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.
- 6) Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna taps á útistandandi kröfum, sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.
- 7) Ef maður lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

Markmið þessa frumvarps er að rýmka þann sveigjanleika er býr í 66. gr. skattalaganna.

Enginn ræðst í meiri háttar tannviðgerðir nema af brýnni nauðsyn vegna hins óheyrilega kostnaðar sem því fylgir. Oft fresta menn brýnum tannviðgerðum lengur en lengstu lög leyfa vegna þessa kostnaðar.

Meiri háttar tannviðgerðir, svo sem gullfyllingar, krónu- og brúaraðgerðir og gervigómur, kosta nú oft tugi þúsunda eða jafnvirði margra mánaðarlauna. Er ekki óalgengt að upphæðir þessar séu á bilinu 40—80 þúsund krónur. Skert gjaldþol af þessari stærðargráðu verður að teljast verulegt og það jafnvel þótt um lægri upphæðir væri að ræða.

Almennt er ekki um greiðslufrest að ræða á þessum kostnaði. Því er sjaldnast um aðra möguleika að ræða hjá launafólki en að taka verðtryggð lán í þessu skyni.

Gera má ráð fyrir að gjaldþol skerðist ekki minna undir slíkum kringumstæðum en þeim sem önnur ákvæði 66. gr. skattalaganna heimila nú ívilnun á.

Um 1. gr.

Til skýringa skal þess getið, að samkvæmt 66. gr. skattalaganna setur ríkisskattstjóri ákvæði um skilyrði fyrir ívilnunum á þeim ákvæðum sem upp eru talin í þeirri grein.

Þess vegna þarf ekki að ákveða í greininni hvað felst í hugtakinu veruleg skerðing gjaldþols.